




ÞAÐ ERU FORRÉTTINDI að lifa með fötlun

Samantekt á verkefninu

Fræðsla í framhaldsskólum landsins veturinn 2006-2007



Freyja Haraldsdóttir

Inngangur

Verkefnið *Það eru forréttindi að lifa með fötlun*, styrkt af menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti hóf göngu sína 5. október 2006 við hátíðlega opnun í Fjölbautaskólanum í Garðabæ. Að hausti 2005 heimsótti ég menntamálaráðherra og kynnti henni hugmynd mína sem hún sýndi mikinn áhuga og varð til þess að hjólin fóru að snúast. Ásgerður Ólafsdóttir fékk verkefnið í sínar hendur og strax í lok árs 2005 unnum við í sameiningu að skipulagi, fjárhagsáætlun og öðru tengdu verkefninu.

Tíminn leið og í lok júnímánaðar 2006 var samþykkt að mennta- og félagsmálaráðuneyti myndu í sameiningu styrkja verkefnið og var það afar ánægjulegt, ekki aðeins fyrir mig heldur málaflokkinn allan saman. Þar var stigið skref fram á við í að breyta mynd fatlaðs fólks.

12. júlí sama ár var stofnaður bakhópur fyrir verkefnið og sátu í honum ég sjálf, Ásgerður Ólafsdóttir fulltrúi menntamálaráðuneytis, Hrefna Haraldsdóttir fulltrúi Sjónarhóls og Sigríður Danielsdóttir fulltrúi félagsmálaráðuneytis og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Funduðum við reglulega og undirbyggjum komandi starf og fræðslu. Góð samvinna var til staðar og áhugasemi allra fleyttu okkur þangað sem við vildum vera.

Helgi Þór Gunnarsson MA afbrota- og fötlunarfræðinemi við Háskóla Íslands ákvað að slást í hópinn og fylgdi mér á marga fyrirlestra og gerði athugun á fræðslunni. Skrifaði hann verkefni um fyrirlestraferðina og beindi sjónum að hvernig fjölmiðlar hafa fjallað um verkefnið, þ.e.a.s. hvort lítið hafi verið á það með læknisfræðilegu- eða félagsfræðilegu sjónarhorni. Rannveig Traustadóttir gaf honum sín bestu meðmæli í haust en hann gerði BA rannsókn sína um hreyfihömluð ungmenni undir nafninu *Að þúlla öryrkjan* – viðtöl við ungt hreyfihamlað fólk. Mæli ég sterklega með lestri þeirrar rannsóknar.

Tilgangur þessarar samantektar er að gera grein fyrir því starfi sem hefur átt sér stað þennan vetur. Mun ég velta fyrir ýmsu sem vel er núþegar gert og einnig því sem betur mætti fara. Það má geta þess að allar hugleiðingar um aðgengi framhaldsskóla, viðmót, upplifun og móttökur sem ég hef fengið eru aðeins byggðar á minni upplifun og getgátum, engin formleg rannsókn hefur verið gerð.

Að lokum mun ég draga saman helstu niðurstöður af þessari reynslu minni, lærdóm og viðhorfi sem *Það eru forréttindi að lifa með fötlun* hefur fært mér hingað til og vonandi mörgum öðrum.



ÞAÐ ERU FORRÉTTINDI að lifa með fötlun

Markmið og áherslur á Það eru forréttindi að lifa með fötlun

Eins og kemur fram í bæklingi og á vefsíðu verkefnisins, www.forrettindi.is var markmiðið að hleypa áheyrendum inn í veröld fatlaðs fólks, mína

veröld. Ég vildi kynna okkar lífsmáta, hugsanir, tilfinningar og markmið. Ég vildi einnig deila á framhaldskólakerfið og benda á lausnir sem leiða af sér menntun án mismununar og leiðir sem hafa virkað fyrir mig til þroska og þátttöku. Meginmarkmiðið var þó að segja frá því hversu heppin ég er að lifa með fötlun, hversu mikil áskorun og tækifæri felast í því og hvað allir geta gert saman til að opna dyr, brjóta múra og byggja brýr á milli fatlaðs og ófatlaðs fólks. Þau tækifæri eru hrein og tær forréttindi!!

Í nemendafyrirlestrunum fjallaði ég um skilgreiningu á fötlun, ólík eðli hennar og mismunandi sjónarhorn. Einnig um mín fyrstu ár, viðbrögð foreldra, hlutverk foreldra ófatlaðra barna og siðferðisleg álitamál um fóstureyðingar á öðruvísi fóstrum, fötluðum fóstrum. Ég ræddi skólagöngu mína, einelti gagnvart fötluðum börnum og hve skóli án aðgreiningar er mikilvægur. Opinskátt tala ég um mína upplifun af unglingsárum, þá erfiðleika sem ég var að glíma við þá, staðalmyndir, kynhlutverk, útlitsdýrkun o.fl. Að lokum fjalla ég um hvað varð til þess að ég breytti um viðhorf úr því að líta á fötlun sem byrði yfir í að hún væri forréttindi og ber rök fyrir þeirri ákvörðun minni. Ég deili að lokum mínum draumi.

Er ég talaði við starfsfólk skilgreindi ég skóla fyrir alla, fjallaði um flutning úr grunnskóla í framhaldskóla, hlutverk kennara og stuðningsfulltrúa og þau vinnubrögð og viðhorf sem ég vil sjá. Ég fjallaði um mikilvægi frelsis og staðsetningar starfsbrauta og að hver nemandi innan hennar hafi með það að segja hvað hann lærir, hvar og hvernig. Ég fjalla svo um nemandann sjálfan sem er með fötlun, unglingsárin og tilfinningar sem geta verið að brjótast um á þeim tíma. Einnig deili ég mínum draumi um skólakerfið og ber rök fyrir þeirri ákvörðun að líta á fötlun sem forréttindi.

Í öðrum fyrirlestrum reyndi ég af fremsta megni að haga umfjöllun eftir aðstæðum, áhuga og vettvangi. Það má segja að á milli ólíkra hópa sé enginn fyrirlestur eins þó markmiðin séu þau sömu, að víkka vitund þeirra sem standa utan okkar heims og minni þá sem í honum eru að þau séu ekki í heiminum.

Opnun á Það eru forréttindi að lifa með fötlun

Eins og áður er getið var verkefnið opnað við Fjölbrotarskólann í Garðabæ 5. október sl. Viðstaddir voru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra, meðlimir Bakhóps verkefnis, að sjálfsögðu nemendur og starfsfólk FG og aðrir gestir. Ráðherrar fluttu ávörp ásamt Þorsteini Þorsteinssyni skólameistara og greindi ég frá aðdraganda og markmiðum verkefnis. Að lokum opnaði menntamálaráðherra vefsíðu verkefnisins www.forrettindi.is.

Við þessa athöfn voru bæklingar og veggspjöld tilbúin, fólkið sem kom að verkefninu flest viðstatt og var þetta því mjög veglegur atburður sem kom verkefninu vel af stað. Ég tel þessa opnun hafi borið með sér þá reisn sem ég vildi að það gerði og var mér mikil hvatning að hafa alla í kringum mig áður en stokkið var út í djúpu laugina.





Fyrirlestrar á höfuðborgarsvæði og nágrenni

Á höfuðborgarsvæðinu hélt ég fyrirlestra við Fjölbrautaskólann í Garðabæ (5x), Menntaskólann í Kópavogi (2x), Fjölbrautaskólann í Breiðholti (3x), Menntaskólann Hraðbraut (1x), Iðnskólann í Hafnarfirði (1x), Borgarholtsskóla (9x), Flensborg (4x), Menntaskólann í Hamrahlíð (3x), Verslunarskóla Íslands (2x), Menntaskólann við Sund (2x), Iðnskólann í Reykjavík (1x), Menntaskólann í Reykjavík (6x), Kvinnaskólann í Reykjavík (1x) og Fjölbrautaskóla Suðurnesja (7x).

Einungis sjö af ofantöldum framhaldsskólum nýttu sér fræðslu fyrir starfsfólk og þykir mér það leitt. Fyrirmyndir nemenda er starfsfólkið og hegðun þess, viðhorf og vitneskja því bráðnauðsinleg fyrir þann hóp. Til þess að nemendur með sérþarfir geti auðveldar stundað nám í opnu skólakerfi verður starfsfólk að vita hvað okkur er fyrir bestu, með því komum við í veg fyrir hindranir, fordóma og mismunun. Að mínu mati þarf starfsfólk að fá meira svigrúm til að geta sótt fræðslu, frekari hvatningu og ábendingu um mikilvægi símenntunar.

Aðgengi kom mér skemmtilega á óvart á flestum stöðum og komst ég yfirleitt klakklaust um. Miðrými skólans var rúmgott, gangar breiðir, skábrautir við hlið stiga og lyftur þar sem þurfti. Það má þó geta þess að mér blöskraði aðgengi á nokkrum stöðum og fannst ég vera komin aftur í fornöld. Lyftur voru þá of litlar eða óvirkar, stigar miklir og ekki nokkur möguleiki á að koma hjólastól upp þá, þröng salerni og glænýjar byggingar óaðgengilegar oftast en einu sinni og oftast en tvisvar. Slíkt er sorglegt að því leiti að það getur gefið hreyfihömluðu fólki skilaboð um að það sé ekki velkomið. Auðvitað er það ekki markmiðið en þó raunin og vil ég hvetja til aðgerða í þessum efnum. Það verður að geta þess að í hvert sinn var vandinn leystur og komst ég alltaf á leiðarenda. Starfsfólk og nemendur hjálpuðu til við að lyfta eða ruddu brautina á einn eða annan hátt.

Þegar byggja á nýja skóla eða viðbyggingar í framtíðinni er mín hugmynd að í hvívetna séu fengnir sérfræðingar (iðjubjálfar, hjólastólanotendur og aðra er ferðast um með hjálpartæki) til að líta yfir teikningar, koma með ábendingar og samþykja þær áður en framkvæmdir hefjast. Það fer ekkert á milli mála að þeir staðlar sem settir eru á aðgengismál eru ekki nægilega ígrundaðir því þeir henta ekki öllum.

Það er flókið að fara nákvæmlega yfir hverja heimsókn en á heildina litið voru móttökur afar góðar, hlustun einlæg og töluvert af fyrirspurnum. Það var ánægjulegt að upplifa það enda augljóslega fólk á ferð sem hefur nægilega opinn hug til að horfast í augu við margbreytnina í þjóðfélaginu. Varðandi fyrirspurnir tók ég eftir því að það fór að mestu eftir fjölda á hverjum fyrirlestri og umhverfinu sem verið var í. Að halda fyrirlestur frammi fyrir fleirum en 300 manns gerði allt ópersónulegra og kaldara. Því stærra sem rýmið var skapaðist meiri fjarlægð og óþægilegra virtist fyrir áheyrendur að koma með spurningar. Best gekk fyrir þá að spyrja þegar rýmið var minna, nálægðin meiri og hópastærð lítil. Þær umræður sem áttu sér þó stað voru frábærar og gáfu nemendum og starfsfólki tækifæri til að brjóta sína múra gagnvart mér, líkt og ég braut mína múra gagnvart þeim.

Fyrirlestrar á landsbyggðinni



Þeir skólar sem heimsóttir voru á landsbyggðinni voru Fjölbrautaskóli Suðurlands (1x), Menntaskólinn á Laugarvatni (2x), Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2x), Fjölbrautaskólinn á Húsavík (1x), Menntaskólinn á Akureyri (3x), Verkmenntaskólinn á Akureyri (3x), Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (1x), Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (2x), Verkmenntaskóli Austurlands (1x), Menntaskólinn á Egilsstöðum (3x) og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (2x).

Sex skólar fengu fyrirlestur fyrir starfsfólk en eftir áramót kynnti ég þá betur sem hefur haft töluverð áhrif. Móttökur voru yndislegar hvar sem var og var nokkuð augljóst að um mikið þakklæti væri að ræða. Sumir impruðu á að sjaldan fengist jafn ötul fræðsla í smærri skólum en stærri og ekki væri um sambærilegt val að ræða. Í smærri skólunum var ljóst að andrúmsloft var mjög persónulegt og fyrirspurnir og umræða í takt við það. Þær voru mjög djúpar, persónulegar og fjölbreyttar – það var eins og áheyrendur þyrðu að spyrja á einlægari hátt. Sú upplifun fyrir mig var mjög þroskandi og þurfti ég að takast á við spurningar sem ég hafði ekki þælt í sjálf eða bara haldið fyrir mig fram að þessu.

Ferðir út á land voru auðvitað meira krefjandi fyrir mig og aðstoðarfólk vegna minnar skerðingar. Töluverð vinna fólst í að finna hentuga gistingu enda ekki úr miklu að velja fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Aðstoðarkonur mínar voru eins og vera ber í langri vinnutörn í þessum ferðum og þurftum við allar að sýna mikla þolinmæði, þrautseigju og ósérhlífni.

Varðandi aðgengismál voru þau sambærileg og á höfuðborgarsvæðinu. Ég kveið mest fyrir þessum hluta verkefnisins en verð að segja að hann leystist vel úr hendi í hvert einasta skipti. Ég er enn hálf orðlaus yfir því hvað allt gekk smurt fyrir sig og efldu ferðirnar mitt sjálfstæði svo um munar. Enn og aftur sá ég að engin hindrun er svo stór að hún sé ófyrstíganleg.



Aðrir fyrirlestrar

Í kjölfar þess að verkefnið fór af stað og umræðan varð hærri fékk ég hinar ýmsu beiðnir um fyrirlestrahöld. Ég heimsótti því á eigin vegum starfsfólk Skógarlundar á Akureyri sem er dagþjónustuúrræði fyrir fullorðið fólk með fötlun. Einnig fór ég til nemenda í þroskaþjálfu-, sérkennslu-, og leikskólakennaraskori KHÍ og til Hjartaheils, Þroskahjálpar, Sjónstöðvar Íslands, Sjónarhóls, Æfingarstöðvar styrktarfélagss lamaðra og fatlaðra, Öryrkjubandalags Íslands, Áskirkju, Einstakra barna og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Ég var einnig með fræðslu

fyrir 1. og 2. bekk Ártúnsskóla og var sú upplifun ógleymanleg. Það er greinilegt að engin aldurstakmörk eru á fræðslu um fötlun.

Það er frábært hve verkefnið hefur vakið jákvæða athygli og að fræðslan er að skila sér víðsvegar um samfélagið. Mikill áhugi virðist vera að myndast og fagfólk sækist eftir fræðslu frá fyrstu hendi, okkur sem höfum reynsluna.

www.forrettindi.is

Hvernig líður þér þegar fólk glápir á þig?

Hefur þú orðið fyrir einelti eða ofbeldi?

Hvert hefur verið þitt erfiðasta tímabil og erfiðasta baráttan?

Hvað kostar að vera þú í einn dag?

Ef þú fengir möguleika á að lifa við heilbrigði myndir þú þiggja það?

www.forrettindi.is

Síðan www.forrettindi.is var stofnuð við opnun verkefnisins og hefur hún þjónað góðum tilgangi síðan. Heimsóknir hafa ekki verið eins margar og ég hefði viljað sjá en þó hefur hún verið frábær vettvangur milli mín og samfélagsins. Áheyrendur og aðrir áhugasamir hafa getað fylgst með ferðum mínum í gegnum mál og myndir, aflað sér upplýsinga í gegnum tengla- og greinasafn síðunar, sent mér fyrirspurnir og skoðað gamlar.

Margir hafa sent mér hvatningarbréf og persónulegar vangaveltur um sitt líf sem hafa einnig verið mér drifkraftur og opnað huga minn fyrir þælingum annarra. Þó mikil vinna fylgi forréttindi.is er hún öll þess virði og mun vefsíðan lifa áfram sem vaxandi upplýsingabrunnur. Markmiðið er að hún geti gagnast öllum í upplýsingaleit um málefni fólks með fötlun.



Opinber umfjöllun og viðurkenningar

Verkefnið *Það eru forréttindi að lifa með fötlun* hefur vakið töluverða athygli frá upphafi og hefur hún verið jákvæð. Titillinn hefur slegið marga og vakið áhuga en það var jú markmiðið í upphafi. Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig flest umfjöllun hefur borið með sér reisu og sjaldan er að finna harmleiksprungnar greinar þó stundum sé hetjubragur yfir þeim. Fjölmiðlar endurspeglar samfélagið oft og því er mér mikið í mun að umræðan fari að sýna fólk með fötlun einfaldlega sem venjulegt fólk í stað þess að beina sjónum að hvað við séum vanmáttug og lífið sé flókið.

Verkefnið hefur hlotið uppbyggjandi umræðu.

Þann 3. desember 2006, á Alþjóðadegi fatlaðra, hlaut ég Múrbrjót Þroskahjálpar fyrir að breyta ímynd fatlaðs fólks með fyrirlestrum í framhaldsskólum. 22. febrúar sl. veitti ég viðtöku Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins í flokknum *Til atlögu gegn fordómum*. Þau verðlaun fá einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu. Með fyrirlestrunum var ég talin hafa lagt drjúgan skerf af mörkum við að brjóta niður fordóma meðal framhaldsskólanema. Einnig var verkefnið tilnefnt til Forvarnarverðlauna Sjóvá 2007.

Bæði fjölmiðlaumfjallanir og viðurkenningarnar hafa verið mér mikil hvatning og minnt mig á gildi verkefnisins. Það er alltaf ánægjulegt að sjá að tekið er eftir því sem vel er gert og er ég afar þakklát fyrir það.

Viðbrögð áheyrenda

„...Ég er grunnskólanemandi, en fór samt á fyrirlesturinn þinn. Mér fannst mjög gaman og fræðandi, og vil ég hvetja þig til þess að vera með þessa fyrirlestra líka fyrir grunnskólanema, a.m.k. eldri bekkina, því að mér finnst mikil þörf á þessu þar. Við erum svo "heppin" (skrifa heppinn inn í gæsalappir því að mjög margir hafa óbeit á þessum dreng) að það er einn einhverfur strákur í skólanum mínum. Flestir, og nánast allir krakkarnir í skólanum mínum (sem að nær yfir 8. - 10. bekk) þola hann ekki, vegna þess að hann er svo öðruvísi. Eftir að hafa verið á fyrirlestrinum þínum um daginn, þá gerði ég mér grein fyrir því hvað við erum virkilega heppin að hafa hann með okkur, því að hann á sér vissulega góðar hliðar, hann getur m.a. verið fyndinn, o.fl. Ég fór að hugsa: hvernig ætli það væri ef að hann væri ekki hérna (hann hefur búið hér síðan í 1. bekk), þá væru allir "venjulegir" og þá hefði maður e.t.v. enn meiri "óbeit" -ef að það má kalla það svo- á fötluðu fólki. ..."

- Nemandi

Það er erfitt að átta sig á hversu mikil áhrif fyrirlestrarnir hafa haft, skoðanir eru án efa skiptar eins og í öllu öðru, upplifun misjöfn og staða fólks ólík. Mörg eru þau falleg bréfin sem ég hef fengið og hef að loknum fyrirlestrum átt gott spjall með fólki úr öllum áttum sem hefur sýnt mér að margir njóta góðs af. Einnig opnuðu einstaklingar með fötlun, foreldrar þeirra eða systkini sig stundum frammi fyrir miklum fjölda. Það fannst mér glæsilegt því öll umræða er góð og ekki síst fyrir samnemendur eða samstarfsfólk þessa einstaklinga.

Stundum hafa komið upp atvik þar sem áheyrendur brotna niður, er þó yfirleitt um einstaklinga með fötlun að ræða, foreldra þeirra eða systkini. Það skilur mig eftir hugsandi. Engin hefur orðið reiður en þessi opnun á tilfinningum vekur upp spurningar eins og; er sálræn hjálp fyrir fólk með fötlun og aðstandendur nægileg? Er upplýsingaflæði nógu virkt um þjónustuúrræði sem í boði eru? Standa systkini okkar höllum fæti? Er fólk með fötlun ósýnilegt umheiminum? Upplifir fólk í minni stöðu sig vera eitt í heiminum? Þessu get ég ekki svarað en veit að betur má ef duga skal. Þegar upp koma atvik sem þessi hef ég rætt við viðkomandi og bent honum á leiðir til betri líðan eða önnur úrræði sem í boði eru.

Það gefur augaleið að fræðsla af þessu tagi er mikilvægur þáttur í uppeldi okkar allra. Ég bind vonir við að stjórnvöld hvetji til og sækist eftir fólki sem hefur persónulega reynslu, til að fræða komandi kynslóðir um málefni fatlaðs fólks og annarra sem þurfa að láta rödd sína hljóma með það að markmiði að skapa eitt samfélag fyrir **alla**.



Að lokum

Eins og sjá má af þessari umfjöllun hafa margir lagt verkefninu lið og sem hefur leitt af sér mikla velgengni. Ég vil þakka Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Magnúsi Stefánssyni fyrir að taka af skarið með mér og bakhópnum fyrir vel unnin og skemmtileg störf síðasta árið. Helga Þór Gunnarsyni vil ég þakka mikla hvatningu, góðar ábendingar, gefandi kynni og góða samvinnu sem ég hefði ekki viljað missa af. Aðstoðarkona mín Anna Karin Norberg fær bestu þakkir fyrir frábært starf, endalausa þolinmæði, mikla vinnu og ógleymanleg augnablik. Einnig Ölmú Guðmundsdóttur, Árna Frey Haraldssyni og Heiðu Björk Ingvarsdóttur fyrir að leggja land undir fót í fyrirlestrarferðir út á land – án þeirra hefði sá hluti verið óframkvæmanlegur. Að lokum er það svo fjölskylda mín og vinir sem hafa haft óbilandi trú á verkefninu, hvatt mig áfram og staðið þétt við bakið á mér hvert einasta augnablik.

Ég er virkilega ánægð með viðbrögð áheyrenda sem birtast í viðmóti, áhuga, hrósi og hvatningu, ýmist í eigin persónu og í gegnum tölvupóst. Það er mér einnig mikill heiður að hafa hlotið Múrbrjót Landssamtakana Þroskahjálpar þann 3. desember 2006 fyrir verkefnið, sem er talið vera að breyta ímynd fatlaðs fólks og Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 22. febrúar 2007.

Aðgengi hefur verið misjafnt þó ég hafi alltaf komist á leiðarenda á einhvern hátt. Ástæða þess að ég nefni það er ekki til að gera lítið úr framhaldsskólum heldur eru það aðeins ábendingar sem vonandi geta leitt til úrbóta. Það hefur komið mér á óvart hve aðgengi er gott í heimsóknum framhaldsskóla og fagna ég því mjög. Það má þó alltaf gera betur og um leið gefa fötluðum nemendum þá upplifun að þeir séu velkomnir í skólann líkt og aðrir.

Fyrirlestrar sérstaklega fyrir starfsfólk hafa ekki verið jafn eftirsóttir líkt og fræðsla fyrir nemendur. Auka þarf að mínu mati kröfur um að fólk og skólar sæki sér menntun reglulega og uppfæri sjálf sig í takt við tíðarandann. Þekking starfsfólks er mér jafn mikilvæg og nemenda.

Aukalegar heimsóknir hafa sýnt mér að áhuginn er víðs vegar og það gleður mig að þetta verkefni skuli hafa leitt af sér eftirspurn – vonandi málaflokki okkar í hag.

www.forrettindi.is hefur þjónað góðum tilgangi sem vonandi fer vaxandi á komandi árum. Þar mátti fylgjast með ferðum mínum, nálgast ýmsar upplýsingar um málefni fatlaðs fólks, senda fyrirspurnir og taka þátt í smákönnun.

Það er furðuleg tilhugsun að formlega sé þetta verkefni á enda, verkefnið sem fyrir nokkrum árum var bara draumur sem ég hafði litla trú á að yrði að veruleika. Mér skjátlaðist þó og tæplega 100 fyrirlestrum síðar hafa flest allir framhaldsskólar verið heimsóttir og meira til. Þessi tími hefur verið þroskandi fyrir mig, aukið sjálfstæði, víkkað viðhorfið og hjálpað mér að skilja margt upp á nýtt. Ég mun áfram flytja fyrirlestra mína á eigin vegum, þróa þá og bæta á meðan eftirspurn er – þetta er alltof skemmtilegt starf til að hætta því strax. Einnig vona ég að þetta verkefni verði öðrum hvatning og innblástur svo umræðan og uppfræðslan haldi ótrauð áfram. Að takast á við þetta fyrirlestraverkefni eru ein af þeim mörgu forréttindum sem fylgja því að lifa með fötlun.

Freyja Haraldsdóttir